

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Þórdísarsjóð sem staðfest var 23. febrúar 1984 nr. 140.

Stjórn Þórdísarsjóðs hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja íþróttastarfsemi og annað það, sem verða má reykðælskri æsku til menningarauka.

5. gr. orðist svo:

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu stjórnar Ungmennafélagsins Eflingar í Reykjadal, sem hefur stjórn hans í hendi.

6. gr. orðist svo:

Sjóðstjórn skal ávaxta höfuðstól sjóðsins á innlánsreikningi í viðurkenndri bankastofnun. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

7. gr. orðist svo:

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Stjórn sjóðsins skal árlega ákveða hvort úthlutað skuli úr sjóðnum eða tekjur hans umfram verðbætur ávaxtaðar áfram og komi til úthlutunar síðar.

9. gr. orðist svo:

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til Héraðs-sambands Suður-Þingeyinga.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Þórdísarsjóð staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júní 2006.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Bryndís Helgadóttir.